

Pórður Vilberg Guðmundsson

From: Agla Hauksdóttir <agla.hauks@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 1. desember 2022 20:28
To: fjardabyggd@fjardabyggd.is
Subject: Berist til bæjarráðs fyrir næsta bæjarráðsfund.

Kæra bæjarráð

Nú ætti óviðunandi ástand íþróttahússins á Eskifirði ekki að hafa farið framhjá neinum.

Íþróttahúsið sem nú stendur við Grunnskólann á Eskifirði er komið til ára sinna, orðið barn síns tíma enda meira en 50 ára gamalt. Húsið hefur verið í niðurníðslu í um 20 ár og er ástand þess nú, í takt við það.

Íþróttahúsið stenst engar nútímakröfur og er húsið of lítið til að hægt sé að halda þar íþróttamót, enda ekki lögleg stærð af velli í húsinu til mótshalda.

Aðstæður Eskfiskra barna til íþróttaiðkunar er til háborinnar skammar fyrir sveitarfélagið og því teljum við tíma kominn til aðgerða.

Tími er kominn til að horfa til framtíðar, reisa nýtt íþróttahús þar sem hægt er að halda mót og börn og fullorðnir fá tækifæri til að stunda íþróttir við hæfi. Ræktin á staðnum er einnig mjög lítil og því tækifæri til að færa hana í nýtt íþróttahús ásamt öðru íþróttastarfi sem hefur verið á hrakhólum undanfarin misseri þar sem skortur á ásættanlegu húsnæði hefur verið vandamál.

Það væri sveitarfélaginu öllu í hag að hafa íþróttahús til mótshalda við sundlaugina á Eskifirði en á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2020-2040 er gert ráð fyrir að að við sundlaugina á Eskifirði verði meginíþróttasvæði Fjarðabyggðar. Þess má geta að líklega væri hægt að lækka hitunarkostnað umtalsvert með því að nýta affall frá sundlauginni til upphitunar.

Rannsóknir sýna að mikill ávinningur er fyrir samfélög að hafa almennileg íþróttamannvirki, ávinningurinn er efnahagslegur, hreyfiafl fyrir afleidd störf, gerir sveitarfélagið sýnilegra, það bætir ímynd þess og síðast en ekki síst hefur það jákvæð lýðheilsuleg áhrif.

Nú er tækifærið til að snúa vörn í sókn og standa við stóru orðin um að við ætlum að vera heilsueflandi samfélag.

Við bjóðum hér með formlega fram okkar besta fólk í starfshóp um mótun skýrrar stefnu um málefni íþróttahúss á Eskifirði sem og málefni Eskifjarðar sem meginíþróttasvæðis Fjarðabyggðar eins og fram kemur á aðalskipulagi 2020-2040. Við teljum afar mikilvægt að íbúar Eskifjarðar fái tækifæri til að taka þátt í starfshóp en ekki einungis íþróttafélög og einstaklingar þeim tengdir enda snertir málefnið alla íbúa staðarins.

Fh. Áhugahóps um framtíð íþróttamála á Eskifirði
Agla H. Hauksdóttir